




Skipulagsstofnun

Starfsáætlun 2018

Febrúar 2018

Sjá einnig: Lykiltölur um rekstur og starfsemi 2018



Framtíðarsýn

Skipulagsstofnun er framsækin þekkingar- og stjórnsýslustofnun á sviði skipulagsmála og umhverfismats.

Hlutverk

Skipulagsstofnun sinnir stefnumótun, stjórnsýslu og leiðbeiningum um skipulag og framkvæmdir með sjálfbæra nýtingu auðlinda og vandaða byggð að leiðarljósi. Stofnunin vinnur í víðtæku samráði við sveitarfélög, önnur stjórnvöld og hagsmunaaðila.

Skipulagsstofnun starfar á grundvelli skipulagslaga, laga um mat á umhverfisáhrifum og laga um umhverfismat áætlana og heyrir undir umhverfis- og auðlindaráðuneytið.

Helstu verkefni

- Gerð og framfylgd landsskipulagsstefnu
- Afgreiðsla skipulagstillagna sveitarfélaga og eftirlit með skipulagsgerð sveitarfélaga
- Ákvarðanir og umsagnir um umhverfismat áætlana og eftirlit með framkvæmd umhverfismats áætlana
- Ákvarðanir og álit um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda og eftirlit með framkvæmd mats á umhverfisáhrifum
- Leiðbeiningar, fræðsla og miðlun um skipulagsgerð sveitarfélaga, umhverfismat áætlana og mat á umhverfisáhrifum framkvæmda
- Umsýsla Skipulagssjóðs
- Innleiðing stafræns skipulags

Gildi

Gildi Skipulagsstofnunar er sjálfbærni.

Til að efla sjálfbærni leggjum við í störfum okkar áherslu á:

- Góðan starfsanda, virðingu í samskiptum og að starfa sem samstíga heild
- Skapandi nálgun, skilvirkt verklag og faglega þróun
- Að starfshættir okkar og rekstur einkennist af umhverfisvitund
- Samráð við skipulagsgerð og umhverfismat
- Að skipulag stuðli að vönduðu byggðu umhverfi og lífsgæðum
- Langtímasýn og virðingu fyrir náttúru og samfélagi



Skipulagsstofnun hefur auk þess sett sér eftirfarandi markmið tengt framfylgd fjármálaáætlunar 2018-2022

- Að skipulag og umhverfismat stuðli að minni losun gróðurhúsalofttegunda og aðlögun að loftslagsbreytingum
- Að skipulag og umhverfismat sé nýtt til að stjórna nýtingu á viðkvæmum og mikilvægum svæðum, þar með talið á miðhálandinu
- Að skipulag og umhverfismat byggji á vistkerfisnálgun og stuðli að grænu hagkerfi og sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda
- Að unnið verði að innleiðingu rafrænnar stjórnsýslu við skipulagsgerð og umhverfismat til að auka skilvirkni stjórnsýslu, samþættingu verkefna og samvinnu stofnana

1. Rekstur og stjórnun

Markmið

- Að rekstur Skipulagsstofnunar og Skipulagssjóðs sé í samræmi við fjárveitingar og rekstraráætlun.
- Að innra starf styðji faglega þróun, sveigjanleika og gott starfsumhverfi.

Aðgerð	Árangursmælikvarðar og lykiltölur	Umfang*	Tími árs*
Hafa eftirlit með rekstri Skipulagsstofnunar og Skipulagssjóðs jafnóðum og ársfjórðungslega.	Innan við 4% frávik frá rekstraráætlun Skipulagsstofnunar í lok hvers ársfjórðungs. Rekstur Skipulagssjóðs sé í árslok í samræmi við fjárveitingar.	<3	Á
Vinna rekstraráætlun fyrir árið 2019.	Skil á rekstraráætlun til UAR á tilsettum tíma.	<3	3
Afgreiða erindi um kostnaðarþátttöku í aðal- og svæðisskipulagsverkefnum sveitarfélaga.	Samþykkt framlag (fjöldi og upphæð). Afgreiðslutími (markmið innan eins mánaðar).	<3	Á
Endurgreiða skipulagsgjald til þeirra sveitarfélaga sem í hlut eiga, en það eru Akranes, Akureyri, Garðabær, Hafnarfjörður, Kópavogur, Mosfellsbær, Reykjavík og Seltjarnarnes.	Endurgreiðsla (upphæð).	<3	1
Uppfæra og bæta við innri stefnur og vakta framfylgd (starfsþróunarstefna og -áætlun, umhverfisstefna, siðareglur, upplýsingastefna, jafnréttisstefna, jafnlaunavottun).	Siðareglur, upplýsingastefna og jafnréttisstefna til staðar. Samþykkt jafnlaunavottun. Græn skref (4. skrefi náð).	<3	Á
Vinna að stefnu stofnunarinnar til næstu ára.	Frágengin stefnumótun til næstu ára sem leysir af hólmi stefnu og starfsáætlun 2014-2018.	<3	2-3
Vinna starfsáætlun 2019.	Frágengin starfsáætlun 2019.	<3	4
Setja fram stefnumiðaða áætlun til UAR fyrir 2019-2021 tengt fjármálaáætlun 2019-2023.	Skil á stefnumiðaðri áætlun til UAR á tilsettum tíma.	<3	2-3
Halda árleg starfsmannasamtöl.	Framkvæmd starfsmannasamtöl.	<3	1

*Umfang í heildarfjölda mannmánaða. Tími árs eftir ársfjórðungum (1, 2, 3, 4) eða hvort verkefni er í vinnslu almennt allt árið (Á).

2. Gæða- og verklagsmál

Markmið

- Að vinnsla reglubundinna verkefna sé samkvæmt samræmdu verklagi skráðu í gæðahandbók.
- Að verklag styðji framsækna þjónustu og ábyrga nýtingu fjármuna.
- Að innleiða og þróa rafræna stjórnáætlun.

Aðgerð	Árangursmælikvarðar og lykiltölur	Umfang*	Tími árs*
Vinna aðgerðaáætlun um viðhald og uppbyggingu gæðahandbókar fyrir starfsárið og vinna samkvæmt henni.	Fyrirliggjandi aðgerðaáætlun og framfylgd hennar.	3-6	Á
Vinna aðgerðaáætlun til næstu ára um innleiðingu og þróun rafrænnar stjórnáætlun og vinna samkvæmt henni.	Fyrirliggjandi aðgerðaáætlun og framfylgd hennar.	<3	Á

*Umfang í heildarfjölda mannmánaða. Tími árs eftir ársfjórðungum (1, 2, 3, 4) eða hvort verkefni er í vinnslu almennt allt árið (Á).

3. Lög og reglugerðir

Markmið

- Stuðla að því að lög og reglugerðir skapi umgjörð um skilvirkt og framsækið starf að skipulagsmálum og umhverfismati.

Aðgerð	Árangursmælikvarðar og lykiltölur	Umfang*	Tími árs*
Vinna tillögu að breytingum á skipulagslögum tengt aðgerðum í húsnæðismálum.	Skil á tillögu að frumvarpi til UAR.	<3	2
Vinna tillögu að breytingum á skipulagsreglugerð vegna áorðinna lagabreytinga og í ljósi reynslu af framkvæmd reglugerðarinnar.	Skil á tillögu til UAR.	<3	1-2
Vinna tillögu að breytingum á reglugerð um framkvæmdaleyfi vegna áorðinna lagabreytinga og í ljósi reynslu af framkvæmd reglugerðarinnar.	Skil á tillögu til UAR	<3	2
Vinna tillögu að breytingum á reglugerð um landsskipulagsstefnu í ljósi reynslu af framkvæmd lagaákvæða um landsskipulagsstefnu.	Skil á tillögu til UAR.	<3	1
Taka þátt í starfi um innleiðingu tilskipunar ESB 2014/52 um mat á umhverfisáhrifum og endurskoðun laga um mat á umhverfisáhrifum.	-	<3	Á
Vinna tillögu að breytingum á reglugerð um mat á umhverfisáhrifum vegna innleiðingar tilskipunar ESB 2014/52.	Skil á tillögu til UAR.	<3	2
Vinna tillögu að breytingum á lögum um umhverfismat áætlana sem leiða af breytingum á skipulagslögum og lögum um mat á umhverfisáhrifum.	Skil á tillögu til UAR.	<3	2
Fylgjast með nýjum úrskurðum og dómum um skipulagsmál og umhverfismat og miðla eftir því sem við á til starfsfólks og viðskiptavina.	Jafnóðum miðlun til starfsfólks. Ársfjórðungslegur pistill á vef stofnunarinnar.	<3	Á

*Umfang í heildarfjölda mannmánaða. Tími árs eftir ársfjórðungum (1, 2, 3, 4) eða hvort verkefni er í vinnslu almennt allt árið (Á).

4. Skipulagsmál sveitarfélaga

Markmið

- Að veita trausta ráðgjöf til sveitarfélaga um skipulagsgerð og tryggja að samþykktar og staðfestar skipulagsáætlanir standist kröfur um efni og form.

Aðgerð	Árangursmælikvarðar og lykiltölur	Umfang*	Tími árs*
Svæðisskipulag. Að veita umsagnir um starfsreglur, lýsingar og skipulagstillögur, staðfesta svæðisskipulag og leiðbeina um vinnslu og afgreiðslu skipulagstillagna og stöðu skipulags.	Staðfest svæðisskipulag (fjöldi skipulagsáætlana). Afgreiðslur stofnunarinnar (fjöldi). Afgreiðslutími (tilgreindur í lögum).	<3	Á
Aðalskipulag. Að veita umsagnir um lýsingar og skipulagstillögur, staðfesta aðalskipulag og leiðbeina um vinnslu og afgreiðslu skipulagstillagna og stöðu skipulags.	Staðfest aðalskipulag (fjöldi skipulagsáætlana). Afgreiðslur stofnunarinnar (fjöldi). Afgreiðslutími (tilgreindur í lögum).	24	Á
Deiliskipulag. Að veita umsagnir um lýsingar, skipulagstillögur og samþykkt deiliskipulag og leiðbeina um vinnslu og afgreiðslu skipulagstillagna og stöðu skipulags.	Samþykkt deiliskipulag (fjöldi skipulagsáætlana). Afgreiðslur stofnunarinnar (fjöldi). Hlutfall samþykks deiliskipulags sem er yfirfarið (markmið innan við 70%). Afgreiðslutími (tilgreindur í lögum).	24	Á
Skipulagsráðgjafar og skipulagsfulltrúar. Að afgreiða umsóknir um skráningu á lista yfir þá sem réttindi hafa til að sinna skipulagsgerð og hafa eftirlit með því hverjir eru skráðir skipulagsfulltrúar sveitarfélaga.	Umsóknir (fjöldi). Skráðir á lista (fjöldi). Afgreiðslutími (markmið innan eins mánaðar).	<3	Á

*Umfang í heildarfjölda mannmánaða. Tími árs eftir ársfjórðungum (1, 2, 3, 4) eða hvort verkefni er í vinnslu almennt allt árið (Á).

5. Landsskipulagsstefna

Markmið

- Að tryggja markvissa framfylgd landsskipulagsstefnu.

Aðgerð	Árangursmælikvarðar og lykiltölur	Umfang*	Tími árs*
Skýrsla um stöðu og þróun skipulagsmála. Að vinna skýrslu um stöðu og þróun skipulagsmála, „Skipulagsmál á Íslandi 2018“.	Lokaskýrsla verkefnis liggur fyrir.	<3	1-2
Framfylgd landsskipulagsstefnu. Verkefni um mannvirki og þjónustu á miðhálandinu. Að ljúka við verkefnisskýrslu og kynna niðurstöður verkefnisins.	Lokaskýrsla verkefnis liggur fyrir.	<3	1
Framfylgd landsskipulagsstefnu. Verkefni um víðerni á miðhálandinu. Að vinna að verkefninu í samvinnu við Umhverfisstofnun. Stefnt að verklokum á árinu.	Lokaskýrsla verkefnis liggur fyrir.	<3	3-4
Framfylgd landsskipulagsstefnu. Verkefni um gerð leiðbeininga um vindorku í skipulagi og umhverfismati. Að vinna að verkefninu í samvinnu við hlutaðeigandi aðila. Stefnt að verklokum á árinu.	Lokaskýrsla verkefnis liggur fyrir.	<3	3-4
Önnur framfylgdarverkefni. Að hefja vinnu við önnur framfylgdarverkefni landsskipulagsstefnu eftir því sem svigrúm er til.	-	-	-
Framfylgd landsskipulagsstefnu. Að hafa eftirlit með framfylgd verkefna sem tilgreind eru í landsskipulagsstefnu, á ábyrgð annarra aðila. Einnig gert í gegnum umsagnir um áætlanagerð annarra aðila (annarra en skipulagsáætlanu sveitarfélaga sem fjallað er um í 4. kafla).	Upplýsingar á vef Skipulagsstofnunar og til UAR um framfylgd landsskipulagsstefnu.	<3	Á

*Umfang í heildarfjölda mannmánaða. Tími árs eftir ársfjórðungum (1, 2, 3, 4) eða hvort verkefni er í vinnslu almennt allt árið (Á).

6. Skipulag haf- og strandsvæða

Markmið

- Að undirbúa innleiðingu formlegrar skipulagsgerðar á haf- og strandsvæðum.

Aðgerð	Árangursmælikvarðar og lykiltölur	Umfang*	Tími árs*
Vinna að undirbúningi fyrir gerð strandsvæðisskipulags (hönnun ferla og verklags).	Samantekt sem birt er á vef Skipulagsstofnunar.	<3	2-3
Að hefja vinnu við strandsvæðisskipulag (háð samþykki Alþingis á lagafrumvarpi).	Skipulagslýsing fyrir 1-2 svæði.	<3	4

*Umfang í heildarfjölda mannmánaða. Tími árs eftir ársfjórðungum (1, 2, 3, 4) eða hvort verkefni er í vinnslu almennt allt árið (Á).

7. Stafrænt skipulag

Markmið

- Að vinna að því að landupplýsingar skipulagsáætlana séu unnar á samræmdan, stafrænan hátt.
- Að vinna að því að upplýsingar um skipulagsgerð og mat á umhverfisáhrifum séu aðgengilegar rafrænt og gefi kost á rafrænum samskiptum.

Aðgerð	Árangursmælikvarðar og lykiltölur	Umfang*	Tími árs*
Ljúka vinnu við fitjuskra fyrir aðalskipulag. Verkefni við innleiðingu stafræns skipulags er fjölþætt, en fyrsta skref þess felst í gerð fitjuskra fyrir aðalskipulag og innleiðingu hennar.	Útgefin fitjuskra fyrir aðalskipulag.	<3	1-2
Vinna aðgerðaáætlun til næstu ára um innleiðingu stafræns skipulags samkvæmt skipulagslögum og vinna samkvæmt henni.	Fyrirliggjandi aðgerðaáætlun, kynnt á vef stofnunarinnar.	<3	2-3
Athugun á frekari aðgerðum til að innleiða stafrænt skipulag, sérstaklega varðandi rafræna miðlun og samskipti við vinnslu skipulagstillagna og umhverfismats og varðandi miðlun gagnagrunns um umhverfismat í landfræðilegu upplýsingakerfi.	Tillaga að aðgerðaáætlun.	<3	2-3

*Umfang í heildarfjölda mannmánaða. Tími árs eftir ársfjórðungum (1, 2, 3, 4) eða hvort verkefni er í vinnslu almennt allt árið (Á).

8. Umhverfismat áætlana

Markmið

- Að veita trausta ráðgjöf um umhverfismat áætlana og vinna að því að umhverfismat áætlana stuðli að því að tillit sé tekið til umhverfissjónarmiða við áætlanagerð og dregið úr neikvæðum umhverfisáhrifum.

Aðgerð	Árangursmælikvarðar og lykiltölur	Umfang*	Tími árs*
Að veita leiðbeiningar til forsvaraðila áætlanagerðar, hafa eftirlit með gerð umhverfismats og afgreiða erindi sem varða umhverfismat áætlana. Varðar ákvarðanir um hvort áætlun sé háð umhverfismati, umsagnir um matslýsingar og umsagnir um tillögur að áætlunum og umhverfismat (umhverfisskýrslu) þeirra. Einnig almennar leiðbeiningar um umhverfismat áætlana. Á við aðrar áætlanir en skipulagsáætlanir sveitarfélaga, en umfjöllun um umhverfismat þeirra er hluti leiðbeininga og afgreiðslna um skipulagstillögur sveitarfélaga, sjá 4. kafla að framan.	Fjöldi ákvarðana um matsskyldu. Fjöldi umsagna um matslýsingar. Fjöldi umsagna um tillögur að áætlunum og umhverfismat.	<3	Á
Að ljúka við skýrslu um framkvæmd umhverfismats áætlana 2012-2016, sbr. b-lið 2. mgr. 4. gr. laga um umhverfismat áætlana.	Útgefin skýrsla.	<3	1

*Umfang í heildarfjölda mannmánaða. Tími árs eftir ársfjórðungum (1, 2, 3, 4) eða hvort verkefni er í vinnslu almennt allt árið (Á).

9. Mat á umhverfisáhrifum framkvæmda

Markmið

- Að veita trausta ráðgjöf um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda og vinna að því að mat á umhverfisáhrifum veiti traustar upplýsingar fyrir ákvarðanir um leyfisveitingar til framkvæmda.

Aðgerð	Árangursmælikvarðar og lykiltölur	Umfang*	Tími árs*
Matsskylda. Að taka ákvarðanir um matsskyldu framkvæmda og veita leiðbeiningar um vinnslu tilkynninga og afgreiðslu þeirra.	Fjöldi ákvarðana. Hlutfall kærðra ákvarðana þar sem ákvörðun Skipulagsstofnunar er staðfest. Afgreiðslutími (tilgreindur í lögum).	12	Á
Mat á umhverfisáhrifum. Kynna og afgreiða matsáætlanir, kynna frummatsskýrslur og vinna álit um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda, auk leiðbeininga um vinnslu og afgreiðslu mats á umhverfisáhrifum.	Fjöldi afgreiddra matsáætlana. Fjöldi álita. Afgreiðslutími (tilgreindur í lögum).	12	Á
Sameiginlegt mat. Að vinna ákvarðanir um sameiginlegt mat tengdra framkvæmda og veita leiðbeiningar um það efni.	Fjöldi ákvarðana.	<3	Á
Endurskoðun matsskýrslu. Að vinna ákvarðanir um hvort endurskoða þurfi matsskýrslu samkvæmt 12. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum og veita leiðbeiningar um gildi og endurskoðun mats á umhverfisáhrifum.	Fjöldi ákvarðana.	<3	Á

*Umfang í heildarfjölda mannmánaða. Tími árs eftir ársfjórðungum (1, 2, 3, 4) eða hvort verkefni er í vinnslu almennt allt árið (Á).

10. Kynning, samráð og útgáfa

Markmið

- Að miðla nýjungum og standa fyrir umræðu um aðferðir og faglegar áherslur á sviði skipulagsgerðar og umhverfismats.

Útgáfa

Aðgerð	Árangursmælikvarðar og lykiltölur	Umfang*	Tími árs*
Leiðbeiningar um loftslagsmál. Að vinna leiðbeiningar um loftslagsmál í skipulagi sveitarfélaga.	Útgefnar leiðbeiningar.	<3	3-4
Leiðbeiningar um endurskoðun aðalskipulags. Að vinna leiðbeiningar um endurskoðun aðalskipulags.	Útgefnar leiðbeiningar.	<3	2
Leiðbeiningar um skipulag á lágsvæðum. Að vinna að leiðbeiningum um skipulag og mannvirkjagerð á lágsvæðum. Vegagerðin (siglingasvið) leiðir þetta verkefni.	Útgefnar leiðbeiningar	<3	Á
Leiðbeiningar, endurskoðun. Að yfirfara og endurskoða fyrirbyggjandi leiðbeiningar stofnunarinnar eftir föngum og tilefni.	Útgefnar leiðbeiningar.	<3	Á
Endurlit úr skipulagssögunni – í tilefni 80 ára afmælis embættis skipulagsstjóra. Að miðla efni úr skjalasafni stofnunarinnar sem varpar ljósi á skipulagssöguna.	Útgefnir pistlar.	<3	Á
www.skipulag.is Að sjá til þess að vefurinn birti á hverjum tíma aðgengilegar og gagnlegar upplýsingar um mál á starfsviði stofnunarinnar.	Heimsóknir á vef.	<3	Á
Samfélagsmiðlar Að miðla fréttum af starfsemi stofnunarinnar og ýmsu fréttnæmu af skipulagsmálum og umhverfismati á síðu stofnunarinnar á Facebook og Twitter.	„Líkar við“ og „útbreiðsla“ á Facebook-síðu.	<3	Á
Skipulagsvefsjá og gagnagrunnar umhverfismats Að birta allt skipulag í gildi í skipulagsvefsjá á vef stofnunarinnar. Sama gildir um ákvarðanir og álit um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda og umhverfismat áætlana.	Skipulagsákvæðanir birtar jafnóðum. Umhverfismatsákvæðanir og álit birt þegar þær/þau hafa verið kynnt málsaðilum.	<3	Á
Önnur miðlun Að birta ársfjórðungslega pistil á vef stofnunarinnar um efst á baugi. Að nýta sýningarrými stofnunarinnar fyrir miðlun upplýsinga um skipulagsmál.	-	-	-

*Umfang í heildarfjölda mannmánaða. Tími árs eftir ársfjórðungum (1, 2, 3, 4) eða hvort verkefni er í vinnslu almennt allt árið (Á).

Viðburðir og samráð

Aðgerð	Árangursmælikvarðar og lykiltölur	Umfang*	Tími árs*
Skipulagsdagurinn. Að standa fyrir þessum árlega viðburði, í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga, þar sem farið er yfir það sem efst er á baugi í skipulagsmálum.	Fjöldi þátttakenda.	<3	3
Umhverfismatsdagurinn. Að standa fyrir þessum árlega viðburði, þar sem farið er yfir það sem efst er á baugi varðandi umhverfismat áætlana og framkvæmda.	Fjöldi þátttakenda.	<3	2
Þemafundir. Að standa fyrir stuttum þemafundum um einstök viðfangsefni á sviði skipulagsmála og umhverfismats, meðal annars til að kynna niðurstöður þeirra rannsóknar- og þróunarverkefna sem styrkt eru af Rannsóknar- og þróunarsjóði Skipulagsstofnunar og tengt verkefnum landsskipulagsstefnu. Haldin eftir atvikum í samráði við aðra aðila.	Fjöldi funda. Fjöldi þátttakenda.	<3	Á
Málþing í tilefni af 80 ára afmæli embættis skipulagsstjóra.	Fjöldi þátttakenda.	<3	4
Innlent samstarf. Að viðhalda og efla samstarf við stofnanir sem fara með skyld málefni. Árlega er haldinn sérstakur samráðsfundur með UAR. Auk þess er eftir því sem verkefni gefa tilefni til efnt til samráðsfunda með öðrum stofnunum.	-	<3	Á
Erlent samstarf. Að taka þátt í ýmsu samstarfi við erlenda aðila. Þar ber hæst samstarf norrænna skipulagsyfirvalda og þemastarf á þeirra vegum um skipulag sveitarfélaga, skipulagslögfræði og stafrænt skipulag og sérfræðingahópa ESB um umhverfismat og skipulag haf- og strandsvæða. Einnig er virkt tengslanet við systurstofnanir á Norðurlöndum og víðar í Evrópu og fylgst með starfi um skipulagsmál á vegum UNECE. Þá er í gangi þátttaka í norrænum starfshópum um skipulag borga og bæja og norrænu netverki um hafskipulag. Á árinu 2018 er ársfundur norrænna skipulagsyfirvalda haldinn á Íslandi.	-	<3	Á
Móttaka hópa. Að halda kynningar fyrir ýmsa hópa háskólanema, erlends fagfólks og fleiri aðila sem vilja kynna sér starfsemi stofnunarinnar og viðfangsefni á hennar verksviði.	Fjöldi kynninga.	<3	Á

Gerð er grein fyrir kynningar- og samráðsmálum vegna landsskipulagsstefnu í 5. kafla þessarar áætlunar.

*Umfang í heildarfjölda mannmánaða. Tími árs eftir ársfjórðungum (1, 2, 3, 4) eða hvort verkefni er í vinnslu almennt allt árið (Á).

11. Rannsóknir og þróun

Markmið

- Að stuðla að þekkingarsköpun og þekkingarmiðlun sem styður skipulagsgerð og umhverfismat.

Aðgerð	Árangursmælikvarðar og lykiltölur	Umfang*	Tími árs*
Að auglýsa árlega eftir umsóknum og veita styrki til rannsóknar- og þróunarverkefna.	Fjöldi umsókna. Upphæð sem sótt er um.	<3	2&3
Að miðla niðurstöðum rannsóknarverkefna á vef Skipulagsstofnunar og eftir atvikum á opnum fundum.	Fjöldi skýrslna.	<3	Á

*Umfang í heildarfjölda mannmánaða. Tími árs eftir ársfjórðungum (1, 2, 3, 4) eða hvort verkefni er í vinnslu almennt allt árið (Á).

Rekstraráætlun (14301 og 14303)

Skipulagsstofnun (14301)

	2014	2015	2016	2017	2018 áætlun
Laun	187.009	195.269	215.037	225.564	234.602
Aðkeypt þjónusta	37.261	31.022	40.670	36.416	50.145
Húsnæði	13.355	13.120	13.824	16.119	16.000
Önnur gjöld	16.410	13.099	25.597	16.043	19.102
Gjöld samtals	254.035	252.510	295128	294.142	319.849
Framlag samkvæmt fjárlögum	218.600	231.500	241.000	268.600	295.200
Sértekjur	34.160	25.073	29.314	38.152	40.900
Hagnaður/tap ársins	-1.275	4.063	-24.815	12.610	16.251
Staða fjárheimilda í árslok	1.710	5.774	-19.041	-6.431	9.820
Fjárfesting að frádregnum afskriftum				9.621	198

Í þús. kr.

Skipulagssjóður (14303)

	2014	2015	2016	2017 spá	2018 áætlun
Innheimt skipulagsgjald	236.644	361.579	384.948	482.614	
Framlag samkvæmt fjárlögum alls	200.000	100.000	139.500	196.500	196.500
Framlag til endurgreiðslu skipulagsgjalds	45.500	45.500	85.000	120.000	120.000
Framlag til annarra verkefna	154.500	54.500	54.500	76.500	76.500
Gjöld samtals	159.542	199.529	159.716		
Endurgreiðsla skipulagsgjalds	83.133	135.890	128.861	161.080	120.000
Önnur verkefni	76.409	63.639	30.855	68.762	76.500
- Þar af kostnaðarþátttaka í aðal- og svæðisskip.	51.281	48.159	14.577	48.784	41.500
- Þar af vinna við landsskipulagsstefnu	17.307	2.882	4.714	8.462	9.000
- Þar af þróunarverkefni og rannsóknir	7.821	12.598	11.564	11.516	16.000
- Þar af vinna við strandsvæðisskipulag					10.000
Höfuðstóll í árslok	152.600	143.461	167.106		

Í þús. kr.

Kynningar- og samráðsáætlun 2018

	janúar-mars	apríl-júní	júlí-september	október-deember
Viðburðir				
Skipulagsdagurinn			X	
Umhverfismatsdagurinn		X		
Þemafundir	X	X	X	X
Málþing í tilefni 80 ára afmælis embættis skipulagsstjóra				X
Ársfundur norrænna skipulagsyfirvalda			X	
Útgáfa				
Brot úr sögunni	X	X	X	X
Skipulagsmál á Íslandi 2018		X		
Skýrsla um umhverfismat áætlana	X			
Leiðbeiningar um endurskoðun aðalskipulags		X		
Leiðbeiningar um loftslagsmál				X
Leiðbeiningar um lágsvæði				X
Skýrsla um mannvirki á miðhálandinu	X			
Leiðbeiningar um vindorku				X
Skýrsla um víðerni				X